



Aðalfundur FÍSOS 2022

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
 - i. Fundastjóri: Helga Maureen Gylfadóttir
 - ii. Fundaritari: Ingibjörg Áskelsdóttir
2. Skýrsla formanns um störf félagsins
 - i. Aníta Elefsen formaður FÍSOS fer yfir ársskýrslu félagsins. Sjá fylgiskjal 1.
3. Ársreikningar félagsins
 - i. Gjaldkeri félagsins, Jón Allansson, fer yfir reikninga félagsins, sjá fylgiskjöl 2,3, og 4.
4. Umræður um ársskýrslu og ársreikning og afgreiðsla reikninga
 - i. Ársreikningar:
 1. FÍSOS - samþykkt
 2. Kvistur – samþykkt
 - a. Ábending – hækka ritstjórnarlaun verkefnastjóra.
 3. Farskóli - samþykkt
5. Lagabreytingar
 - i. engar lagabreytingar lagðar fram
 - a. Athuga fyrir næsta aðalfund ákvæði í lögum um að halda úti póstlista.
6. Kosning í stjórn og aðrar trúnaðarstöður
 - a. Kosning fimm manna stjórnar til tveggja ára í senn, formaður og meðstjórnandi annað árið en varaformaður, gjaldkeri og ritari hitt árið
 - b. Kosning tveggja varamanna til tveggja ára , eins varamanns annað árið en annars hitt árið:
 - i. Aníta Elefsen - formaður - samþykkt
 - ii. Þóra Sigurbjörnsdóttir – meðstjórnandi - samþykkt
 - iii. Sigríður Þorgeirsdóttir – varamaður – samþykkt
 - c. Kosning skoðunarmanns reikninga til tveggja ára , eins skoðunarmanns annað árið og annars skoðunarmanns hitt árið.
 - i.– Anna Lísu Guðmundsdóttir - samþykkt
 - d. Kosning farskólastjóra til eins árs:
 - i. Farskóli 2023 – Amsterdam – Farskólastjóri: Cecilie Cedet Gaihede

- ii. Farskóli 2024 – heimboð frá Akureyri - Listasafnið á Akureyri, Minjasafnið á Akureyri og Flugsafnið bjóða fram sameiginlega krafta sína
- iii. Farskóli 2025 – heimboð frá Eyrarbakka/Selfoss – Lýður Pálsson
- iv. Farskóli 2026 – óskað eftir framboðum

7. Ákvörðun ársgjalds félagsmanna og stofnana

- i. Engar breytingar lagðar fram - samþykkt


8. Önnur mál

- a. Ágústa Kristófersdóttir: PJMS fær reglulega erindi frá Skandinavisk Museumsforbund. Samtökin hafa áhuga á að tengjast Íslandi betur. Er það verkefni sem að FÍSOS vill taka að sér? Samtökin funda einu sinni á ári og halda ráðstefnu annað hvort ár. Skandinavíska er tungumál samtakanna. Stjórn FÍSOS tekur málið fyrir á næsta fundi og fá kynningu frá Ágústu.
- b. Ingibjörg Hannesdóttir: Spyr um stöðu ICOM NORD.
 - i: Hólmur Hólm svarar: ICOM NORD eru formlega orðin lögild svæðissamtök innan ICOM. Búið er að kjósa stjórn: Søren la Cour Jensen, formaður (Danmörk), Eero Ehanti, varaformaður (Finnland), Hólmur Hólm, ritari (Ísland), Lasse Tjønnø, gjaldkeri (Noregur), Elina Nygård, meðstjórnandi (Svíþjóð). Varamenn eru: Josephine Nielsen-Bergqvist (Danmörk), Minna Sarantola-Weiss (Finnland), Ólöf Gerður Sigfúsdóttir (Ísland), Håkon Roland (Noregur) og Medea Ekner (Svíþjóð). Stjórnin hefur enn ekki fundað og er ekki komin með aðgerðaráætlun.
- c. Til stjórnar FÍSOS: merki (logo) félagsins er óþægilegt og óskýrt. Einnig er gerð athugasemd við nafn félagsins; Félag íslenskra safna og safnmanna. Breyta því í; Félag íslenskra safna og safnafólks? Stjórnin tekur málið fyrir.



ÁRSSKÝRSLA 2021 - 2022

Félag íslenskra safna og safnmanna



FÍSOS



Ársskýrsla FÍSOS 2021 – 2022

Anita Elefsen

Stjórn – verkskipting, fundir og almenn umsýsla

Síðasti aðalfundur FÍSOS var haldinn þann 13. október 2021 í Fosshóteli í Stykkishólmi. Á fundinum var kosið í embætti varaformanns, gjaldkera, ritara og varamanns til tveggja ára. Gunnþóra Halldórsdóttir gaf ekki kost á sér áfram, en Jón Allansson, Ingibjörg Áskelsdóttir og Hjörtur Þorbjörnsson gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Gunnþóru Halldórsdóttur er þakkað kærlega fyrir störf sín í þágu félagsins.

Núverandi stjórn FÍSOS skipa þau Anita Elefsen formaður, Elsa Guðný Björgvinsdóttir varaformaður, Jón Allansson gjaldkeri, Ingibjörg Áskelsdóttir ritari og Þóra Sigurbjörnsdóttir meðstjórnandi. Í stöðu varamanna eru Sigríður Þorgeirsdóttir og Hjörtur Þorbjörnsson. Ákveðið var að halda í þá hefð að bæði aðal- og varamenn sæki fundi stjórnar.

Stjórnin fundaði átta sinnum á starfsárinu og fóru allir fundir fram í fjarfundarbúnaði að einum undanskildum, þegar fundað var á Kaffi Flóru í Grasagarðinum. Alla jafna er nýst við fjarfundarbúnað þar sem stjórnarmenn eru búsettir allvíða um landið; á Höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Siglufirði og Egilsstöðum. Stjórnarmenn hafa þar að auki sinnt og tekið þátt í ýmsum verkefnum á árinu, til að mynda útgáfu Kvists, undirbúningi íslenska safnadagsins, íslensku safnaverðlaununum, farskóla og undirbúningi og framkvæmd málþings um varðveislumál safna í samstarfi við ICOM og safnaráð.

Stjórn FÍSOS ákvað á vordögum að ráða verkefnisstjóra í hlutastarf til að sinna fjölbreyttum verkefnum í þágu félagsins og safnastarfs almennt. Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur var ráðin til eins árs og hóf hún störf fyrir FÍSOS í júlíbyrjun 2022. Síðustu vikur og mánuði hefur Dagrún meðal annars komið á samstarfi við Bændablaðið um amk. tíu umfjallanir um söfn landsins sem og við samfélagsmiðilinn *Leiksamfélagið* um svokallað „take-over“ af hálfu safnfræðslufólks á íslenskum söfnum. Hún hefur lagt drög að samstarfi við Landann, KrakkaRÚV, RÚV, Vísi, Kjarnann, Úrvör og Íslandsstofu um möguleg samstarfsverkefni auk þess sem hún setti á laggirnar Instagram reikning fyrir FÍSOS; *Safnagrammið*, setti af stað skemmtilegar mánaðarlegar umfjallanir á vefsíðu félagsins, *safnamanneskja mánaðarins* og *safngripir í sviðsljósinu*. Þá hefur hún gert dagatal yfir helstu hátíðisdaga, alþjóðlega og innlenda, sem tengjast safnastarfi á einn eða annan hátt, og hvetur söfn til að taka þátt. Dagrún hefur starfað með farskólastjórn og sinnt ýmsum verkefnum í aðdraganda skólans. Það er félaginu sannarlega þarft að hafa öflugan verkefnisstjóra innan sinna raða – sem leggur megináherslu á að kynna söfn og mikilvægi þeirra í samfélaginu á sem fjölbreyttastan hátt, og óhætt að segja að Dagrún hafi staðið sig frábærlega fyrstu mánuðina í starfi.

Seta í ráðum og nefndum

Safnaráð

Stjórn FÍSOS ákvað á fundi þann 14. desember 2020 að tilnefna Hlyn Hallsson og Gunnþóru Halldórsdóttur sem fulltrúa FÍSOS í safnaráði frá 1. febrúar 2021 til 31. janúar 2025. Hlynur, sem skipaður er aðalmaður í ráðinu sótti fundi ráðsins á starfsárinu, sem voru níu talsins, líkt og skipunarbréf gerir ráð fyrir.

Húsafriðunarnefnd

Þann 15. febrúar 2021 tilnefndu Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS), Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og FÍSOS þau Helgu Maureen Gylfadóttur og Örlyg Kristfinnsson í húsafriðunarnefnd. Bæði Helga Maureen og Örlygur sótt fundi á vegum nefndarinnar á árinu.

Rannsóknarsetur í safnafræði

Stjórn FÍSOS skipaði á fundi sínum 20. október 2016 Ingibjörgu Áskelsdóttur sem aðalfulltrúa og Lindu Ásdísardóttur sem varafulltrúa í stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum. Enginn fundur hefur verið haldinn á árinu.

Íslenska söguþingið 2021 / 2022

Í október 2019 óskaði undirbúningsnefnd fyrir íslenska söguþingið sem halda átti árið 2021 eftir fulltrúa FÍSOS í þingstjórn. Stjórn FÍSOS skiptaði Ágústu Kristófersdóttur, sagnfræðing og framkvæmdastjóra safneignar hjá Þjóðminjasafni Íslands fulltrúa FÍSOS í þingstjórn. Þinginu var frestað sökum samkomutakmarkana, en fór fram dagana 19. – 21. maí 2022.

Farskólinn – Árlegt landsþing FÍSOS

Farskóli FÍSOS hefur verið haldinn árlega síðan 1989. Farskólinn er mikilvægur vettvangur endurmenntunar og samstarfs meðal íslenskra safna og starfsmanna þeirra. Á hverju hausti hittast safnmenn, bera saman bækur sínar, miðla þekkingu sinni og reynslu hvor með öðrum, heimsækja söfn, sýningar og setur víða um land og styrkja tengslanetið. Farskólinn hefur vaxið og dafnað á rúmum þremur áratugum en grunnstefið er og hefur frá upphafi verið endurmenntun félagsmanna. Ekki má gleyma að maður er manns gaman og þessi árlegu fundir hafa eft kynnin og skapað góðan félagsanda – og eru mörgum mikið tilhlökkunarefni.



Farskóli 2021 fór fram dagana 13. – 15. október í Stykkishólmi og var yfirskrift skólans *Áföll og ábyrgð. Raddir framtíðarsýnar*. Farskólastjóri var Hjördís Pálsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, og með henni í farskólastjórn voru þau Jón Allansson – Byggðasafninu í Görðum, Guðrún Jónsdóttir – Safnahúsi Borgarfjarðar, Inga Jónsdóttir – fyrrverandi safnstjóri Listasafns Árnesinga og Snæbjörn Guðmundsson – Náttúruminjasafni Íslands. Sem fyrr samanstóð dagskráin af erindum og fyrirlestrum, vinnustofum og heimsóknum á söfn, setur og vinnustofur. Stjórn FÍSOS þakkar farskólastjórn kærlega fyrir þeirra vinnu við undirbúning og framkvæmd skólans.

Farskóli þessa árs, 2022 fer fram á Hallormsstað næstu daga og skipa þau Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Pétur Sörensson, Jónína Brynjólfssdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Dagrún Ósk Jónsdóttir farskólastjórn.

Þegar hafa staðsetningar næstu þriggja skóla verið ákveðnar og að ári höldum við til Amsterdam og heimsækjum þar fjölbreytt söfn og fáum að kynnast safnastarfi. Í farskólastjórn eru þær Cecilie Gaheide, AlmaDís Kristinsdóttir, Eva Kristín Dal og Eva Björk Káradóttir. Undirbúningsvinna er þegar hafin og innan skamms verða gefnar út dagsetningar farskólans 2023, svo allir geti tekið dagana frá.

Árið 2024 verður farskólinn norður á Akureyri og 2025 á Suðurlandi. Stjórn FÍSOS vill viðhalda þeirri nýju hefð að staðsetning farskóla næstu þriggja til fjögurra ára liggi fyrir að hverju sinni, og er kallað eftir framboðum fyrir 2026 á aðalfundi.

Félagatal

Samkvæmt félagatali í september 2022 eru skráðir 355 félagar í FÍSOS – og hefur þeim fjölgað um 9 frá síðasta aðalfundi; 323 einstaklingar og 32 stofnanir.

Póstlisti safnmanna

FÍSOS hefur um árabíl haldið úti póstlista safnmanna, sem aðeins er opinn félagsmönnum í FÍSOS. Á listann eru skráð um 250 netföng. Póstlistinn er hýstur hjá 1984.is en fyrirtækið hefur gefið út að það muni ekki hýsa listann áfram. Stjórn FÍSOS hefur kannað aðra möguleika, en ekki fundið sambærilega þjónstu annarsstaðar, þ.e. póstlista sem allir geta sent inn á – og hægt er að svara póstum. Eins hefur borið á því með bættum öryggissíum tölvukerfa, að póstur af póstlistanum síast í ruslpóst og eru því margir félagsmenn sem sjá ekki póstana. Stjórn FÍSOS kallar eftir hugmyndum varðandi mögulegan arftaka póstlistans – en hefur jafnframt velt upp þeirri hugmynd að hreinlega leggja hann af og notast við vefsíðu félagsins og samfélagsmiðla til tilkynninga.

Heimasíða félagsins

Þann 19. apríl 2022 var ný heimasíða FÍSOS sett í loftið, eftir margra mánaða vinnu, sem var að megninu til í höndum Ingibjargar Áskelsdóttur. Heimasíða FÍSOS hefur að geyma fjölbreyttar upplýsingar um starfsemi félagsins auk þess sem þar birtast fréttatilkynningar til félagsmanna og upplýsingum um farskóla er miðlað áfram og haldið til haga til framtíðar. Aukinheldur er á heimsíðunni aðgengilegt útgefið efni, t.a.m Kvistur, Ljóri, Fréttabréf safnmanna og farskólaskýrslur.

Safnablaðið Kvistur

Á aðalfundi félagsins 2016 var samþykkt að félagið tæki að sér útgáfu safnablaðsins Kvists. Þáverandi stjórn FÍSOS taldi að áframhaldandi útgáfa blaðsins væri íslensku safnastarfi til framdráttar og gæti

þar að auki nýst til að auka sýnileika félagsins og efla starf þess. Núverandi stjórn tekur undir það álit. Allur rekstur og útgáfa blaðsins er nú í umsjón FÍSOS og hefur verkefnið meðal annars aðskildan reikning í bókhaldi félagsins.

Styrkur fékkst úr safnasjóði árið 2022 fyrir útgáfu 9. tbl. Kvists að upphæð 800.000 kr. og með framlagi félagsgjalda sem og auglýsingatekna var útgáfa 9. tbl. tryggð. Blaðinu er dreift til þeirra félagsmanna sem greitt hafa félagsgjöld og þá er það einnig til sölu í Bóksölu stúdenta í Háskóla Íslands. Þá er aðgangur að eldri tölublaðum á heimasíðusiðu félagsins og á timarit.is – þó ári eftir útgáfu.



Fulltrúi stjórnar FÍSOS í ritstjórn er Þóra Sigurbjörnsdóttir en aðrir í ritstjórn eru: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir ritstjóri, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Birna María Ásgeirsdóttir og Þorgerður Þorleifsdóttir.

Ákveðið var að tengja nýjasta tölublað Kvists ekki fyrirfram ákveðnu þema, heldur var kallað eftir efni frá safnafólki. Viðbrögðin voru vonum framar og er efni blaðsins fyrir vikið afar fjölbreytt. Í 9. tbl. Kvists má jafnframt finna þrjár greinar byggðar á útskriftarverkefnum safnafræðinema og gefa þær góða innsýn í hvar áhugi og áherslur safnafræðinnar liggja.

Elfa Hlín vísar til þess í ritstjórapistli sínum að áhugavert sé að efni þessa níunda tölublaðs Kvists sýni að safnastarf á Íslandi spegli vel nýjar áherslur sem fram koma í nýrri safnaskilgreiningu ICOM – sem ætlað er að koma til móts við breytta tíma og

samfélag heimsins, og eru lesendur hvattir til að lesa blaðið með það í huga.

Stjórn FÍSOS færir ritstjórn Kvists bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að koma blaðinu út og í hendur félagsmanna.

Samfélagsmiðlar

FÍSOS heldur út fésbókarsíðu en fylgjendur hennar í dag eru 970 og fjölgar um liðlega 30 frá fyrra ári. Einnig heldur félagið utan um hóp á fésbókinni sem heitir Safnmenn – FÍSOS félag íslenskra safna og safnmanna þar sem félagsmenn eru hvattir til að deila viðburðum og öðru er viðkemur starfi safna. Í þeim hópi eru í dag 833 (fjölgun um 85 á milli ára) og er hópurinn opin fyrir öllu áhugafólki um söfn og störf þeirra.

Um mitt ár 2022 var stofnsettur Instagramreikningur í nafni FÍSOS – *Safnagrammið* en þar er ýmsum fróðleik miðlað í nafni félagsins auk þess sem söfn um land allt geta gefið innsýn í daglegt starf með svokallaðri yfirtöku.

Safnasjóður

Félagið sótti um í safnasjóð í desember 2021 og fékk úthlutað styrkjum í þrjú verkefni sem öllum hefur verið komið í framkvæmd á árinu. Heildarúthlutun úr aðalúthlutun safnasjóðs 2021 nam 3.200.000 kr.

Verkefnastyrkir í kr.:

- Farskóli FÍSOS 2022 – 1.800.000
- Safnblaðið Kvistur, 9. tbl. – 800.000
- Safnadagurinn 18. maí 2022 – 600.000

FÍSOS hlaut árið 2020 styrk úr safnasjóði til að halda námskeið á Akureyri um uppsetningu gripa á sýningum, sambærilegt því sem haldið var í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Námskeiðið fór loks fram þann 1. mars 2022, eftir að hafa verið frestað í tvígang vegna heimsfaraldurs. Kennsla var í höndum forvarðanna Ingibjargar Áskelsdóttur, Nathalie Jacqueminet og Vasare Rastonis. Á námskeiðinu var farið yfir þau atriði sem hafa áhrif á varðveislu safngripa á sýningum, svo sem val sýningarskápa, efni í uppsetningu, raka- og hitastig, umhverfi, birtuskilyrði, hvaða gripir eiga saman o.s.frv. Þá var þátttakendum kennt að búa til einfaldar uppsetningar fyrir ólíka safngripi úr mismunandi efnum. Námskeiðið var vel sótt og komu þátttakendur víða að á Norðurlandi.

Innlent samstarf

FÍSOS, ICOM og safnaráð

Í góðri samvinnu skipulögðu FÍSOS, ICOM og safnaráð málþing um varðveislumál safna fyrri hluta árs. Í skipulagshópi voru Anita Elefsen, Guðný Dóra Gestsdóttir og Þóra Ólafsdóttir. Málþingið fór fram í Safnahúsinu við Hverfisgötu þann 9. maí 2022 undir yfirskriftinni *Við tölum ekki um geymslur – heldur varðveisluhúsnæði!* Fjallað var um eftirlit og stöðu varðveislumála safna vítt og breitt um landið – sem og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir – en frummælendur komu úr ýmsum áttum og búa að viðtækri þekkingu og reynslu á starfsemi safna.

Málþingið var sent út í streymi fyrir þá sem ekki áttu heimangengt í Safnahúsið þennan dag og er aðgengilegt á vefslóðinni: <https://fb.watch/cVYEptuNaZ/>

FÍSOS og ICOM / Safnadagurinn 18. maí 2022 – *Mikill er máttur safna*



Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af International Council of Museums (ICOM). Þátttakendur eru um 40.000 söfn í 140 löndum. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert síðan 1977. Dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur hérlandis í sjö ár.

Íslandsdeild ICOM og FÍSOS hvöttu söfn á Íslandi til að taka þátt í alþjóðlega safnadeginum út frá þemanu *Mikill er máttur safna*. Ákveðið var að fá verkefnastjóra til að sjá um undirbúning og framkvæmd safnadagsins fyrir hönd félaganna tveggja og var

Dagrún Ósk Jónsdóttir ráðin til verksins. Hún sá um bæði undirbúning og framkvæmd safnadagsins, og hvatti söfn og starfsfólk þeirra til að taka virkan þátt í deginum. Sérstök áhersla var lögð á notkun

samfélagsmiðla, en þar að auki var auglýst í útvarpi og greinar skrifaðar í dagblöð auk þess sem Dagrún fór í viðtöl í útvarpi – allt í því augnamiði að vekja athygli á safnadeginum og safnastarfi í landinu almennt, sem og íslensku safnaverðlaununum sem voru afhend þennan sama dag við hátíðlega athöfn.

Kynningartexti fyrir Safnadaginn 2022 frá Íslandsdeild ICOM:

Söfn hafa mátt og getu til þess að breyta heiminum. Sem einstakir staðir til uppgötvana fræða þau okkur jafnt um fortíðina og opna hug okkar gagnvart nýjum hugmyndum – sem hvort tveggja gerir okkur fært að leggja grunn að betri framtíð.

Á Alþjóðlega safnadaginn 2022, þann 18. maí næstkomandi, viljum við horfa á söfn og möguleika þeirra til að koma á umbótum í samfélaginu á þrenns konar hátt:

- **Mátturinn til að uppfylla kröfur um sjálfbærni:** Söfn eru lykilþátttakendur í að ná markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sem áhrifavaldar í sínum nærsamfélögum leggja þau mikið af mörkum á þessu sviði, þar á meðal með því að efla stuttar boðleiðir í félagshagkerfinu og miðla vísindalegum upplýsingum um umhverfisvandann og loftslagsvána.
- **Mátturinn til að stuðla að nýsköpun varðandi stafræna miðlun og aðgengi:** Söfn eru orðin að vettvangi nýsköpunar þar sem ný tækni er þróuð og innleidd í hversdagslífið. Stafræn þróun og nýsköpun getur aukið aðgengi í söfnum til muna og stuðlað að skilningi á flóknum og erfiðum hugtökum.
- **Mátturinn til að styðja við samfélagið með öflugri fræðslu:** Með safnkosti sínum og opinni dagskrá spinna söfnin félagslegan vef sem nauðsynlegur er hverju samfélagi. Með því að halda á lofti lýðræðislegum gildum og bjóða upp á símenntunarmöguleika fyrir öll leggja söfn sitt af mörkum til að móta upplýst og þátttökuvænt samfélag.

Við bjóðum ykkur að taka þátt í Alþjóðlega safnadeginum með okkur þetta árið og hjálpa okkur að leysa úr læðingi þann mikla mátt sem býr í söfnum um víða veröld!

FÍSOS og ICOM – Íslensku safnaverðlaunin 2022

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna, ICOM, og FÍSOS standa saman að Íslensku safnaverðlaununum sem er viðurkenning veitt annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi, en fyrstu verðlaunin voru afhent árið 2000. Valnefnd var skipuð snemma árs 2021, en í henni sitja fimm nefndarmenn. Fulltrúi þess safns sem síðast hlaut verðlaunin er formaður valnefndar auk þess sem FÍSOS og ICOM skipa hvort um sig tvo nefndarmenn. Valnefnd íslensku safnaverðlaunanna 2022 skipuðu Ágústa Kristófersdóttir, formaður nefndarinnar fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands, Sigríður Sigurðardóttir og Helga Maureen Gylfadóttir fyrir hönd FÍSOS og Birkir Karlsson og Berglind Þorsteinsdóttir fyrir hönd ICOM. Sem fyrr var tekið við ábendingum um verðlaunahafa eða framúrskarandi verkefni og bárust valnefnd alls þrettán tillögur, um þrettán ólík söfn og verkefni.

Til safnaverðlaunanna voru tilnefnd fimm söfn og gaf valnefnd frá sér tilkynningu og rökstuðning fyrir tilnefningum þann 2. maí 2022. Tilnefningar valnefndar í stafrófsröð:

Byggðasafnið í Görðum – ný grunnsýning

Ný grunnsýning Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi var opnuð þann 13. maí 2021. Sýningin er staðsett í aðalsýningarhúsi safnsins á safnsvæðinu. Á sýningunni er líf íbúa á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit skoðað og sagan rakin frá sjávarþorpi og sveitasamfélagi á 17. öld til nútímalegs

kaupstaðar með á áttunda þúsund íbúa. Sýningin skiptist í fjóra hluta það er lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik. Gestir fá að kynnst einstaklingum sem settu svip sinn á samfélagið og heyra sögur af smáum og stórum afrekum.

Sýningin er byggð á samspili muna, mynda og frásagna og eru ýmsar miðlunarleiðir notaðar til að leiða gesti um króka og kima bæði hússins og sögunnar. Notkun ljósmynda og kvikmynda er vel unnin og færir gestinn inn í nálæga og fjarlæga fortíð. Vönduð hljóðleiðsögn veitir gestum aðgang að upplýsingum og frásögnum og er áhugaverður hluti af sýningunni. Sagan lifnar við í gegnum vel unna texta þar sem persónulegar frásagnir hljóma í bland við annan fróðleik. Auk þess sem gestir geta þrætt sýninguna með ratleik í hönd sem byggir fyrst og fremst á sjónrænni upplifun.

Vinnan við gerð sýningar stóð frá byrjun árs 2017 og fram í maí 2021 en samhliða grunnsýningarvinnu var farið í mikla viðhaldsvinnu á húsnæði safnsins og aðgengi að byggingunni lagað. Fleira á svæði safnsins hefur verið endurbætt og má sérstaklega nefna nýtt bátahús sem er glæsileg framkvæmd.

Það er einstakt afrek hjá ekki stærra safni en Byggðasafninu í Görðum og eigendum þess að koma á fót grunnsýningu á borð við þessa. Hvergi er gefinn afsláttur í framsetningu og umgjörð, heldur er framúrskarandi hönnun nýtt til að leysa ýmis mál með eftirtektarverðum hætti. Fjölmargar skemmtilegar lausnir bera hugmyndaauðgi hönnuða og aðstandenda vott.

Það er mat valnefndar að ný grunnsýning Byggðasafnsins í Görðum sé framúrskarandi verkefni, þar sem faglegt safnastarf og vönduð úrvinnsla fara saman. Þar er hugað að því að ólíkir gestir finni eitthvað við sitt hæfi og að hver og einn geti notið sýningarinnar á sínum hraða og forsendum. Það er augljóst að grunnsýningin er stórt verkefni sem hefur kostað mikla vinnu en snjallar lausnir hafa gert safninu kleift að skapa sýningu sem stenst fyllilega kröfur samtímans um fjölbreytta miðlun og aðgengileika.

Gerðarsafn – nýjar áherslur í miðlun

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtímalistasafn þar sem lögð er áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Á undanförunum árum hefur safnið unnið með nýjar áherslur bæði í almennri starfsemi og listrænni sýn sem talið er að sé íslensku samfélagi og safnaumhverfi til framdráttar.

Safnið hefur lagt mikla áherslu á að auka og bæta fræðslustarfið almennt. Sérstakt átak hefur verið í aðgengi grunnskólabarna í Kópavogi að menningar- og safnfræðslu og þjónustu við sérhópa (fjölskyldur, eldri borgara, nýja Íslendinga). Boðið er upp á þema-heimsóknir fyrir skólahópa í samvinnu við önnur menningarhús Kópavogs og þau heimsótt í sömu ferð. Unnið hefur verið að metnaðarfullri dagskrá fyrir börn og fjölskyldur og aðra sérhópa, með það að marki að gera safnið að skapandi samverustað. Reglulega er boðið upp á fjölbreyttar vinnusmiðjur þar sem unnið er út frá sýningum og safneign.

Unnið var að því að útvíkka fræðslustarf til allra aldurshópa með það að marki að gera myndlist aðgengilegri og vekja forvitni gesta á ólíkum hliðum myndlistar. *Myndlist á mannamáli* kallast nýr liður í fræðslustarfi Gerðarsafns, en þetta eru vikulegar færslur á samfélagsmiðlum og á heimasíðu safnsins sem taka fyrir hugtak innan myndlistar með örskýringum og myndum af verkum til stuðnings. Verk úr safneign eru notuð til grundvallar og með tímanum verður til hugtakabanki um myndlist á íslensku. Markmiðið er að auka aðgengileika að myndlist og lækka þröskuldinn fyrir almenning til að nálgast listaverk, skilja þau og túlka.

Mat valnefndar er að nýjar áherslur í miðlun Gerðarsafns nái til fjölbreytts hóps gesta á ólíkum aldri þar sem mikilvægri þekkingu á sviði safnsins er miðlað til þeirra á forvitnilegan og faglegan hátt, bæði með hefðbundnum leiðum miðlunar sem og notkun á nýjum miðlum. Safninu tókst

sérstaklega vel til með verkefninu í takti þar sem markmiðið var að gera safnið unglíngavænna og stofna sérstakt unglíngaráð safnsins. Nýjar áherslur Gerðarsafns í miðlun á samtímalist og safnskoti er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Hönnunarsafn Íslands – Í stafrænum tengslum

Hönnunarsafn Íslands er einstakt sinnar tegundar á Íslandi, verandi eina safnið sem safnar, skráir, rannsakar og miðlar íslenskri hönnun frá 1900 fram til dagsins í dag. Síðastliðin tvö ár hefur safnið skoðað sérstaklega þau tækifæri sem leynast í stafrænum rýmum safnsins og hvernig nýta megja þau safninu til framdráttar á líflegan og fræðandi hátt. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að líta á stafræn rými safnsins sem eðlilegt framhald af sýningarhúsnæðinu og þeir gestir sem sækja þau heim jafn mikilvægir þeim gestum sem koma inn á sýningarnar í húsnæði safnsins við Garðatorg 1. Þegar safnhúsið var lokað almenningi vegna COVID skapaðist svigrúm til að staldra við og rýna í stafræn rými safnsins. Hafist var handa við að skoða hvert rými fyrir sig. Hvað ætti heima í hverju

rými, hvernig þau tengdust viðfangsefnum og starfsemi safnsins, hvaða tækifæri leyndust í þeim og hvernig safnið gæti virkjað þau. Að lokinni þessari vinnu fékk hvert rými ákveðnar áherslur og hverjum starfsmanni var úthlutað raunhæfu hlutverki. Rýmin sem um ræðir eru heimasíða, Facebook, Instagram og Google Maps.

Meðal verkefna sem safnið hefur unnið beint fyrir samfélagsmiðla má nefna Jóladaatal á Facebook og birtist einnig sem sýning í glugga safnbúðar. Á Instagram var unnin sýning í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands árið 2018 sem meðal annars er notuð í kennslu í hönnunarsögu við Tækniskólann. Þá var sent beint út á Facebook hægvarp á meðan samkomutakmarkanir voru í gildi.

Sýningar Hönnunarsafnsins undanfarin tvö ár hafa líka vakið athygli fyrir faglega og metnaðarfulla nálgun á viðfangsefninu. Meðal annars hefur innri sýningarsalur safnsins verið nýttur sem opið rými til rannsókna og hvetur þannig til samtals safnsins við rannsakendur á sviði hönnunar. Þá hefur safnið tekið í notkun 90 fm svæði sem kallast **Smiðja** og er ætlað undir safnfræðslu, smíðjur, námskeið og fleira. Í anddyri safnsins hafa undanfarin misseri verið reknar vinnustofur þar sem hinir ýmsu hönnuðir hafa dvalið 3 mánuði í senn og hefur það gefið möguleika á samtali milli gesta safnsins og hönnuðanna. Fyrirkomulagið lífgar upp á safnaumhverfið og gefur innsýn í aðferðafræði og störf hönnuða.

Það er mat valnefndar að Hönnunarsafni Íslands hefur tekist einstaklega vel til við að ná til nýrra gesta með því að styrkja og nýta enn betur hin stafrænu tengsl sem eru orðin hluti af daglegum veruleika samfélagsins. Öflug miðlun safnsins á safnskoti og rannsóknum þeim tengdum, hvort sem er í sýningum þess eða í stafrænum rýmum er nýstárleg og eftirtektarverð og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Minjasafnið á Akureyri – safn í tengslum við samfélagið

Minjasafnið á Akureyri er rótfast í eýfirsku samfélagi og hefur verið það frá stofnun árið 1962. Starfsemi þess er fagleg og fjölþætt. Það hefur sinnt söfnun og varðveislu menningarminja af mikilli alúð, með áherslu á söfnun ljósmynda sem er öflug samfélagslegstenging og samofin öllu starfi safnsins, einkum á síðustu áratugum.

Minjasafnið á Akureyri hefur á að skipa mjög hæfu starfsfólki sem af áhuga og metnaði hefur skipað því í fremstu röð minjasafna. Safnið hefur um árabil staðið mjög vel að fræðslu fyrir öll skólastig og skapað gott samstarf við skóla, uppeldisstofnanir og fleiri stofnanir og haldið fjölda fagnámskeiða fyrir nágrannasöfnin. Safnið hefur tekið virkan þátt í *Eyfirskoðun safnaklasanum* frá stofnun hans árið 2005 og lagt mikla rækt við samstarf, með áherslu á alla aldurshópa. Minjasafnið á Akureyri er m.a. í samstarfi við Virk, Vinnumálastofnun, Fangelsismálastofnun og Akureyrarbæ. Í því samstarfi sinnir

safnið vel samfélagslegu hlutverki sínu og aðstoðar einstaklinga við að koma jafnvægi á líf sitt um leið og það styrkir eigin starfsemi. Safnið miðlar eyfiskum menningararfi með ýmsum hætti, bæði í útgáfu og sýningum á Akureyri: í Kirkjuhvoli, í Nonnahúsi, Davíðshúsi og Friðbjarnarhúsi. Þá hefur Minjasafnið á Akureyri, samkvæmt samningi við Þjóðminjasafn Íslands, umsjón með gamla torfbænum í Laufási og sýningahaldi þar. Ein viðamesta sýning safnsins nú er sýningin *Tónlistarbærinn Akureyri* sem opnaði 2020 en hún er afrakstur fjögurra ára frumrannsóknar á tónlistarmenningu bæjarins. Safnið notar ýmsar leiðir til að virkja íbúa starfssvæðisins, eins og að bjóða ungskáldum að taka þátt í viðburðaröðinni *Allar gáttir opnar* og *Skáldastund í Davíðshúsi* og leita eftir beinni þátttöku íbúa í ljósmyndasýningaröðinni *Þekkir þú...* og ljósmyndasýningunni *Hér stóð búð*. Þá voru íbúar beðnir um aðstoð við að greina myndefnið, með mjög góðum árangri.

Það er mat valnefndar að Minjasafnið á Akureyri haldi vel „lifandi“ tengslum milli svæðisbundins menningararfs og samtímans með vel skipulagðri starfsemi og hafi margsýnt hvers samfélagslega rekin minjasöfn eru megnug og mikilvæg þegar þau eru vel mönnuð og vel er haldið utan um þau. Áhersla á samfélagsleg gildi og samstarf við hina ýmsu ólíku hópa og aðila skipar Minjasafninu á Akureyri í hóp fremstu safna á Íslandi í dag.

Síldarminjasafn Íslands – framúrskarandi fræðsluverkefni

Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði stendur vörð um þann merka kafla í þjóðarsögunni sem síldin markar og kallaður hefur verið síldarævintýrið. Um er að ræða eitt stærsta safn landsins þar sem sögu síldarárana eru gerð skil með metnaðarfullri sýningargerð og öflugu fræðslustarfi. Síldarminjasafnið hefur um árabil tekið á móti skólahópum á öllum námsstigum, frá leikskóla til háskóla. Síðustu ár hefur safnið unnið að metnaðarfullu fræðsluverkefni sem nefnist „Safn sem námsvettvangur“, í samvinnu við Grunnskóla Fjallabyggðar. Þar eru samþætting námsgreina, skapandi starf og virkni nemenda og samvinna við nærsamfélagið á meðal áhersluatriða.

Markmið verkefnisins er að kynna fjölbreyttan starfsvettvang safnsins fyrir börnum og unglingum á tveimur eldri stigum grunnskóla og gefa þeim færi á að sjá og skynja safnið frá öðru sjónarhorni en almennir safngestir. Námskeiðin eru þróuð í samstarfi við starfsfólk Grunnskóla Fjallabyggðar og þau sniðin að hverjum aldurshópi fyrir sig, með tilliti til gildandi aðalnámskrár og markmiða skólastarfsins. Kennslan fer fram í húsakynnum Grunnskólans og Síldarminjasafnsins og hljóta nemendur fræðslu um starfsemi safns; allt frá varðveislu gripa til skráningar, heimildasöfnunar, rannsókna, miðlunar, leiðsagna og almennrar kynningastarfsemi safnsins.

Vetrarstarfið býr börnin undir það stóra og ábyrgðarmikla hlutverk að stjórna safninu í einn dag. Nemendur taka yfir safnið í einn dag og ganga í fjölbreytt törf; afgreiðslu, leiðsagnir um sýningar safnsins, vinnu í geymslum, vinnu við ljósmyndakost, forskráningu gripa og svo framvegis, með það að markmiði að miðla gestum því sem þau hafa lært á skólaárinu. Þannig hafa börnin stórt og þýðingarmikið markmið fyrir augum á skólaárinu og með þessu móti eru vonir bundnar við að augu íbúa í nær samfélaginu opnast enn frekar því faglega starfi sem fer fram á safninu og á söfnum almennt. Mikil ánægja var með verkefnið hjá nemendum sem og einstaklingum og stofnunum sem að því komu og íbúum nærsamfélagsins.

Mat valnefndar er að verkefnið „Safn sem námsvettvangur“ sé fyrirmýndarverkefni. Lykillinn að velgengni þess er góð samvinna safns og skóla, sem varð til þess að sá einstaki árangur náðist að safnfræðslan varð hluti af stundaskrá þeirra grunnskólanemenda sem hún miðaði að. Þar með eflast góð tengsl við íbúa í heimabyggð og staða safnsins sem virkur þáttur í menntun og tómstundum grunnskólabarna. Verkefnið er til fyrirmýndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.



Íslensku safnaverðlaunin 2022 hlaut Minjasafnsins á Akureyri – safn í þágu samfélagsins og veitti Margrét Hallgrímsdóttir fráfarandi þjóðminjavörður verðlaunin fyrir hönd FÍSOS og ICOM.

Söfn & stjórnmalaflokkar í aðdraganda kosninga

Stjórn FÍSOS hefur í samvinnu við öfluga félagsmenn staðið fyrir fundum með fulltrúum stjórnmalaflokka í aðdraganda bæði sveitarstjórnar- og alþingiskosninga og hefur það gefist afar vel og minnt stjórnmalamenn rækilega á hlutverk safna og stöðu þeirra í samfélaginu. Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga vorið 2022 var reynt að setja á laggirnar nýjan starfshóp, sem því miður tókst ekki að manna. Stjórn FÍSOS mun leggja áherslu á að manna nýjan starfshóp fyrir næstu kosningar.

Hagsmunabaráttu

Stjórn FÍSOS hefur hagsmuni safna og safnastarf að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Í því sambandi hefur stjórn beitt sér fyrir nokkrum málum á líðandi starfsári, með skriflegum ályktunum og erindum. Sem dæmi má nefna:

- *Skrifleg áskorun til safnaráðs – send í apríl 2022.*
Stjórn FÍSOS hvatti menningarmálaráðherra, safnaráð og úthlutunarnefnd safnasjóðs til að taka til gagnerrar endurskoðunar vinnuferli og tímaramma varðandi umsóknarferli og úthlutun úr safnasjóði. Nýlega var tilkynnt um að opið væri fyrir umsóknir og umsóknarfrestur færður frá desember fram í október.
- *Umsögn um kynningartillögu að svæðisskipulagi Austurlands 2022-2024 – send Austurbrú í apríl 2022.*
Stjórn FÍSOS kom á framfæri athugasemdum sem snúa að þætti safna í tillögu um svæðisskipulag Austurlands og áréttaði um leið mikilvægi safna í samfélagi Austurlands.
- *Yfirlýsing um skipun nýs þjóðminjavarðar – send menningar- og viðskiptaráðherra í ágúst 2022.*
Stjórn FÍSOS gerði alvarlegar athugasemdir við skipun nýs þjóðminjavarðar og benti á að

ráðningar sem þessar, með tilfærslu á milli embætta, væru ógagnsæjar og ófaglegar. Slík vinnubrögð grafi undan trausti á stjórnsýsluna og embættismannakerfið.

Samstarf RÚV og FÍSOS

Sumarmál

Frá árinu 2018 hefur FÍSOS átt í samstarfi við þáttinn Sumarmál á Rás 1 þar sem fjallað hefur verið um íslensk söfn og starfsemi þeirra amk einu sinni í viku yfir sumartímann. Nú í sumar var fjallað um *safn vikunnar* alla þriðjudaga á tímabilinu 27. júní – 15. ágúst. Þáttarstjórnendur tóku viðtöl við fulltrúa safna um land allt og ræddu fjölbreytt verkefni, sýningar, gestamóttöku og þar fram eftir götunum. Eftirtalin söfn þátt í verkefninu sumarið 2022: Safnahús Borgarfjarðar, Minjasafn Austurlands, Tækniminjasafn Austurlands, Síldarminjasafn Íslands, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, Árbæjarsafn og Minjasafnið á Akureyri.

Líkt og áður voru þáttarstjórnendur afar ánægðir með framlag félagsmanna til verkefnisins og er von á áframhaldandi samstarfi næsta sumar.

Samlesnar auglýsingar

Undanfarin ár hefur FÍSOS í samvinnu við auglýsingardeild RÚV staðið fyrir sameiginlegu kynningarátaki safna með samlesnum auglýsingum á rásum ríkisútvarpsins; Rás1 og Rás2. Því samstarfi var haldið áfram með sama hætti og árið áður. Söfn hvers landshluta voru kynnt saman í því augnamiði að fjölga safnheimsóknnum innlendra gesta á ferð um landið.

Erlent samstarf

NEMO - Network of European Museum Organisation

Þátttaka FÍSOS í starfi NEMO hefur verið heldur minni þetta starfsfárið en hún var árin fyrir heimsfaraldur. Aðalfundur NEMO var haldinn í nóvember nk. og tók formaður FÍSOS þátt í fundinum í fjarfundarbúnaði auk þess sem samtökunum hafa reglulega verið sendar upplýsingar um stöðu mála hérlandis í kjölfar faraldursins, en slíku er haldið vel til haga af hálfu NEMO.

Í júlí stóðu samtökin fyrir vinnustofum um alþjóðlegt samstarf. Vinnustofurnar fóru fram í Amsterdam en því miður hafði enginn úr stjórn FÍSOS tök á að fara. Nú í október fer svo fram formannafundur og í kjölfarið ráðstefna um nýsköpun innan safna og þrautseigju safna á erfiðum tímum. Ráðstefnan fer fram í Loulé í Portúgal en því miður verður FÍSOS ekki með þátttakanda á staðnum.

Uppbyggingasjóður EES – Rúmenía og FÍSOS

Sinele. Muzeul în continuă transformare/ 5 rings

Í apríl 2019 samþykkti stjórn FÍSOS að ganga til formlegs samstarfs við Dragos Neamu hjá Noaptea Muzeelor și Museums Meet Museums í Rúmeníu og var gengið frá umsókn í EES sjóðinn í júní 2020. Dragos hefur setið í stjórn NEMO og óskað eftir samstarfssafni á Íslandi fyrir styrkumsókn í EES.

Stjórn FÍSOS sendi erindi hans á safnlistann en ekkert safn hafði tök á að taka þátt. Því varð úr að FÍSOS gerðist samstarfsaðili að verkefninu. Þátttaka FÍSOS felst í því að taka á móti sendinefnd frá Rúmeníu og sýna þeim söfn og sýningar á Íslandi. Einnig að heimsækja safnið í Rúmeníu tvisvar og taka þátt í hugmyndavinnu vegna stofnunar hins nýja safns. Ráðgert var að verkefnið yrði unnið á árinu 2022. Fjárhagslegur kostnaður FÍSOS við þátttöku í verkefninu er enginn. Umsóknin náði ekki í gegn og var ákveðið að reyna aftur árið 2021, og samþykkti stjórn á fundi sínum þann 8. september 2021 að taka áfram þátt í verkefninu, sem byggði á sömu forsendum og áður. Í október 2021 var umsókninni synjað í annað sinn og fallið frá áætlunum um verkefnið.

Að endingu

Í þessari ársskýrslu er tíundað það helsta sem stjórn FÍSOS hefur tekið sér fyrir hendur á líðandi starfsári – en verkefni hafa fyrst og fremst verið fjölbreytt og skemmtileg. Stjórnin vann að heilindum að öllum þeim verkefnum sem hún tók sér fyrir hendur og tók þátt í – og hafði í allri þeirri vinnu starfsemi safna, sýnileika þeirra og stöðu í samfélaginu að leiðarljósi.

Undanfarin misseri hafa verið söfnum, sem og öðrum, bæði krefjandi og erfið. En söfn eru þrautseig og safnafólk lausnamiðað og óhætt að segja að þær áskoranir sem við höfum þurft að takast á við í síbreytilegu umhverfi heimsfaraldursins höfum við leyst vel og á lausnamiðaðan hátt. Söfn sneru vörn í sókn, lögðu auka áherslu á innra starfið og miðluðu til safngesta og samfélagsins með fjölbreyttum hætti þegar eiginlegar safnheimsóknir voru ekki mögulegar.

Nú held ég að óhætt sé að áætla að við getum horft fram á bjartari tíma með auknu flæði safngesta og án sóttvarnartakmarkana – en á sama tíma þurfum við öll líklega svolítið að kasta mæðinni og þess vegna held ég að staðsetning farskólans árið 2022 hefði ekki getað verið heppilegri. Næstu daga getur safnafólk notið kyrrðarinnar og náttúrunnar í Hallormsstaðaskógi á sama tíma og við ræðum þörf málefni, miðlum og lærum hvert af öðru – njótum samverunnar og leyfum okkur að hlaða batteríin.

Ég þakka félagsmönnum öllum sem og stjórnarmönnum gott og gefandi samstarf á árinu, og hlakka til þess næsta.



formaður FÍSOS

Siglufirði, 14. september 2022

Stjórn FÍSOS 2021 – 2022 skipa:

Formaður: Anita Elefsen, Síldarminjasafn Íslands

Varaformaður: Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Minjasafn Austurlands

Gjaldkeri: Jón Allansson, Byggðasafnið á Görðum

Ritari: Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Meðstjórnandi: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Hönnunarsafn Íslands

Varamenn: Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands og Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarður Reykjavíkur

FÍSOS | 2021-22

Kt: 441089-2529

Ársreikningur

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar.....	2
Áritun uppgjörsaðila	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er hann í samræmi við lög um ársreikninga og lög um tekjuskatt og gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður í rekstri fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 66.015 kr. Heildarhagnaður eftir fjármagnsliði er 54.972 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé félagsins jákvætt um 11.349.451 kr.

Stjórn FÍSOS staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1.sept. 2021 - 31.ágúst 2022 með undirritun sinni.

Akranes, 12. september 2022

Skoðunarmenn

Áritun uppgjörsaðila

Ársreikning þennan fyrir FÍSOS höfum við samið eftir fylgiskjöllum og upplýsingum stjórnar, án endurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir tímabilið 1.sept. 2021 - 31.ágúst 2022 ásamt skýringum nr. 1-3.

Ársreikningurinn er lagður fram á ábyrgð stjórnenda félagsins.

Akranesi, 12. september 2022

Ritari ehf.

Ársreikningurinn er á 8 blaðsíðum.
Fjárhæðir eru í ísl.krónum

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS

		Skýr	Sept2021-Sept2022	Sept2020-Sept2021
REKSTRARTEKJUR:				
Rekstrartekjur	1		8.605.120	6.923.600
			8.605.120	6.923.600
REKSTRARGJÖLD:				
Rekstrarkostnaður	2		8.539.105	4.314.890
			8.539.105	4.314.890
Rekstrarhagnaður (-Tap):			66.015	2.608.710
REKSTRARHAGNAÐUR (-TAP) ALLS:				
Fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-		66.015	2.608.710
FJÁRMAGNSLIÐIR:				
Vaxtatekjur	-		5.188	14.151
Endurgreiðsla skatts	-		3.000	0
Endurgreiðsla skatts	-		-3.500	0
Bankakostnaður	-		-14.590	-397.120
Fjármagnstekjuskattur	-		-1.141	-3.112
			-11.043	-386.081
HAGNAÐUR (-TAP) TIL RÁÐSTÖFUNAR			54.972	2.222.629

EFNAHAGSREIKNINGUR**EIGNIR**

		Skýr	Sept2021-Sept2022	Sept2020-Sept2021
VELTUFJÁRMUNIR				
Skammtímakröfur	-		0	0
Handbært fé	3		11.349.451	11.294.479
<i>Veltufjármunir samtals:</i>			11.349.451	11.294.479
EIGNIR SAMTALS:			11.349.451	11.294.479

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr	Sept2021-Sept2022	Sept2020-Sept2021
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé			
Yfirfært frá seinasta ári	-	11.294.479	9.071.850
Hagnaður (tap) ársins	-	54.972	2.222.629
<i>Óráðstafað eigið fé 31.08.22</i>		11.349.451	11.294.479
SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	-	0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals:</i>		0	0
<i>Skuldir samtals:</i>		0	0
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS:			
		11.349.451	11.294.479

SJÓÐSTREYMI

HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:

Skýr

Sept2021-Sept2022

Sept2020-Sept2021

Hagnaður (-tap) ársins	-	54.972	2.222.629
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:	-		
Afskriftir	-	0	0

Veltufé frá rekstri:

54.972

2.222.629

Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur - (hækkun)	-	0	0
Skammtímaskuldir - (lækkun)	-	0	0
		0	0

Handbært fé (til rekstrar):

54.972

2.222.629

FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:

Innborgað hlutafé	0	0
Skuld við eigendur	0	0
Tekin lán	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals:	0	0

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	54.972	2.222.629
Handbært fé í ársbyrjun	11.294.479	9.071.850
Handbært fé í árslok	11.349.451	11.294.479

SUNDURLIÐANIR**1 Tekjur**

Félagsgjöld FÍSOS 2021	310.000
Félagsgjöld FÍSOS 2022	1.510.000
Auglýsingar v/Kvistur	187.000
Styrkur menntamálaráðuneyti	1.500.000
Styrkur safnasjóðs v/FÍSOS 2022	3.200.000
Farskóli 2021	659.900
Farskóli 2021 v/enurgreitt lán	1.200.000
Endurgreiðsla v/fargjald	38.220
<i>Rekstrartekjur alls:</i>	8.605.120

2 Gjöld

Innlagt félagsgjöld v/Kvist	200.000
Innlagt styrk safnasjóð v/Kvist 2022	800.000
Innlagt styrk safnasjóð v/farskóli 2022	1.800.000
Styrkur v/Kvist, forsíða 7.tbl.	300.000
Greitt til farskóla 2021	659.900
Lán til farskóla 2021	1.200.000
Námskeið FÍSOS	550.000
Ferðakostnaður v/námskeið	83.355
Félagsstörf FÍSOS, rekstur	662.226
Endurgreitt auglýsingar v/Kvists	187.000
Kostnaður v/félagsskírteini FÍSOS	127.843
Póstkostnaður/umslög	90.316
Ýmiss kostn.,rammar, pappír o.fl.	12.336
Kostnaður v/fjarfyrirlestra, streymi	90.532
Auglýsingar	39.053
Heimasíða, póstlisti, lén	600.863
Ísl og alþjóðl.safnadagurinn 2022	1.129.681
Endurgreidd félagsgjöld	6.000
<i>Rekstrarkostnaður alls:</i>	8.539.105

3 Handbært fé

Bankareikningur 301-26-74633	103.931
Bankareikningur 301-13-250698	11.245.520
<i>Handbært fé alls:</i>	11.349.451

SAFNABLAÐIÐ
KVISTUR

2021-22

Kt: 441089-2529

Ársreikningur

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar.....	2
Áritun uppgjörsaðila	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er hann í samræmi við lög um ársreikninga og lög um tekjuskatt og gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður í rekstri fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 1.065.421 kr. Heildarhagnaður eftir fjármagnsliði er 1.065.735 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé félagsins jákvætt um 2.353.712 kr.

Stjórn Safnablaðsins Kvistur staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1.sept. 2021 - 31.ágúst 2022 með undirritun sinni.

Akranes, 12. september 2022

Skoðunarmenn

Áritun uppgjörsaðila

Ársreikning þennan fyrir Safnablaðið Kvistur höfum við samið eftir fylgiskjöllum og upplýsingum stjórnar, án endurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir tímabilið 1.sept. 2021 - 31.ágúst 2022 ásamt skýringum nr. 1-3.

Ársreikningurinn er lagður fram á ábyrgð stjórnenda félagsins.

Akranesi, 12. september 2022

Ritari ehf.

Ársreikningurinn er á 8 blaðsíðum.
Fjárhæðir eru í ísl.krónum

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS

	Skýr	Sept2021-Sept2022	Sept2020-Sept2021
REKSTRARTEKJUR:			
Rekstrartekjur	1	2.489.000	1.592.600
		2.489.000	1.592.600
REKSTRARGJÖLD:			
Rekstrarkostnaður	2	1.423.579	2.036.048
		1.423.579	2.036.048
Rekstrarhagnaður (-Tap):		1.065.421	-443.448
REKSTRARHAGNAÐUR (-TAP) ALLS:			
Fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-	1.065.421	-443.448
FJÁRMAGNSLIÐIR:			
Vaxtatekjur	-	402	418
Bankakostnaður	-	0	-1.590
Fjármagnstekjuskattur	-	-88	-92
		314	-1.264
HAGNAÐUR (-TAP) TIL RÁÐSTÖFUNAR		1.065.735	-444.712

EFNAHAGSREIKNINGUR**EIGNIR**

		Skýr	Sept2021-Sept2022	Sept2020-Sept2021
VELTUFJÁRMUNIR				
Skammtímakröfur	-		0	0
Handbært fé	3		2.353.712	1.287.977
<i>Veltufjármunir samtals:</i>			2.353.712	1.287.977
EIGNIR SAMTALS:				
			2.353.712	1.287.977

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr	Sept2021-Sept2022	Sept2020-Sept2021
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé			
Yfirfært frá seinasta ári	-	1.287.977	1.732.689
Hagnaður (tap) ársins	-	1.065.735	-444.712
Óráðstafað eigið fé 31.08.22		<u>2.353.712</u>	<u>1.287.977</u>
SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	-	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir samtals:		<u>0</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals:		<u>0</u>	<u>0</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
SAMTALS:		<u>2.353.712</u>	<u>1.287.977</u>

SJÓÐSTREYMI

HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:

Skýr

Sept2021-Sept2022

Sept2020-Sept2021

Hagnaður (-tap) ársins	-	1.065.735	-444.712
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:	-		
Afskriftir	-	0	0
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		1.065.735	-444.712
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur - (hækkun)	-	0	0
Skammtímaskuldir - (lækkun)	-	0	0
		0	0
<i>Handbært fé (til rekstrar):</i>		1.065.735	-444.712
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:			
Tekin lán		0	0
<i>Fjármögnunarahreyfingar samtals:</i>		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.065.735	-444.712
Handbært fé í ársbyrjun		1.287.977	1.732.689
Handbært fé í árslok		2.353.712	1.287.977

SUNDURLIÐANIR**1 Tekjur**

Félagsgjöld FÍSOS v/Kvistur	200.000
Styrkur safnasjóðs v/Kvistur	800.000
Styrktarlína / auglýsingar v/Kvist	1.189.000
Styrkur FÍSOS v/forsíða Kvist	300.000
<i>Rekstrartekjur alls:</i>	<u>2.489.000</u>

2 Gjöld

Hönnun / umbrot Kvist	536.550
Myndskreyting, forsíða Kvist	220.250
Verkefnastjórnun / ritstýring Kvist	372.000
Greinaskrif v/Kvist	150.000
Endurgreiðsla / leiðrétting v/FÍSOS	90.000
Póstkostnaður / umslög	54.779
<i>Rekstrarkostnaður alls:</i>	<u>1.423.579</u>

3 Handbært fé

Bankareikningur 301-26-002430	2.353.712
<i>Handbært fé alls:</i>	<u>2.353.712</u>

FARSKÓLI
FÍSOS

2021

Kt: 441089-2529

Ársreikningur

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar.....	2
Áritun uppgjörsaðila	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er hann í samræmi við lög um ársreikninga og lög um tekjuskatt og gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Samkvæmt rekstrarreikningi er tap á rekstri fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 561.696 kr. Heildartap eftir fjármagnsliði er 560.878 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé félagsins jákvætt um 722.847 kr.

Stjórn Farskóla FÍSOS staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Akranes, 12. september 2022

Skoðunarmenn

Áritun uppgjörsaðila

Ársreikning þennan fyrir Farskóla FÍSOS höfum við samið eftir fylgiskjöllum og upplýsingum stjórnar, án endurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir árið 2021 ásamt skýringum nr. 1-3.

Ársreikningurinn er lagður fram á ábyrgð stjórnenda félagsins.

Akranesi, 12. september 2022

Ritari ehf.

Ársreikningurinn er á 8 blaðsíðum.
Fjárhæðir eru í ísl.krónum

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS

	Skýr	2021	2020
REKSTRARTEKJUR:			
Rekstrartekjur	1	5.690.053	2.454.000
		5.690.053	2.454.000
REKSTRARGJÖLD:			
Rekstrarkostnaður	2	6.251.749	1.978.699
		6.251.749	1.978.699
Rekstrarhagnaður (-Tap):		-561.696	475.301
REKSTRARHAGNAÐUR (-TAP) ALLS:			
Fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-	-561.696	475.301
FJÁRMAGNSLIÐIR:			
Vaxtatekjur	-	1.048	846
Bankakostnaður	-	0	-1.024
Fjármagnstekjuskattur	-	-230	-186
		818	-364
HAGNAÐUR (-TAP) TIL RÁÐSTÖFUNAR		-560.878	474.937

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

		Skýr	2021	2020
VELTUFJÁRMUNIR				
Skammtímakröfur	-		0	0
Handbært fé	3		722.847	1.283.725
<i>Veltufjármunir samtals:</i>			<u>722.847</u>	<u>1.283.725</u>
EIGNIR SAMTALS:			<u><u>722.847</u></u>	<u><u>1.283.725</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr	2021	2020
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé			
Yfirfært frá seinasta ári	-	1.283.725	808.788
Hagnaður (tap) ársins	-	-560.878	474.937
<i>Óráðstafað eigið fé 31.12.21</i>		<u>722.847</u>	<u>1.283.725</u>
SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	-	<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Skammtímaskuldir samtals:</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Skuldir samtals:</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS:		<u>722.847</u>	<u>1.283.725</u>

SJÓÐSTREYMI

HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:

	Skýr	2021	2020
Hagnaður (-tap) ársins	-	-560.878	474.937
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</i>	-		
Afskriftir	-	0	0
Verðbætur og gengismunur langtímalána	-	0	0
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		<u>-560.878</u>	<u>474.937</u>

Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur - (hækkun)	-	0	0
Skammtímaskuldir - (lækkun)	-	0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>

Handbært fé (til rekstrar):

<u>-560.878</u>	<u>474.937</u>
-----------------	----------------

FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:

Tekin lán	0	0
<i>Fjármögnunarhreyfingar samtals:</i>	<u>0</u>	<u>0</u>

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-560.878	474.937
Handbært fé í ársbyrjun	1.283.725	808.788
Handbært fé í árslok	<u>722.847</u>	<u>1.283.725</u>

SUNDURLIÐANIR**1 Tekjur**

Styrkur úr safnasjóði	1.800.000
Farskólagjöld	2.649.700
Lán FÍSOS v/farskóla 2021	1.200.000
FÍSOS endurgr. v/NEMO árgj.2021	40.353
<i>Rekstrartekjur alls:</i>	<u>5.690.053</u>

2 Gjöld

NEMO árgjald 2021	40.353
Endurgr.lán FÍSOS v/farskóla 2021	1.200.000
Fyrirlestrar/málstofur, farskóla 2021	400.000
Árshátíð FÍSOS 2021 / Tónlist	300.000
Árshátíð FÍSOS 2021 / Veislustjórn	300.000
Prentun, ritföng o.fl.	31.002
Tæknistjórnun o.fl.á farskóla 2021	139.598
Ýmiss kostnaður, blóm, nælur o.fl.	10.475
Salarleiga v/málstofu	15.012
Póstkostnaður	13.372
Veitingar, fundaraðstaða, búnaður o.fl.	3.801.937
<i>Rekstrarkostnaður alls:</i>	<u>6.251.749</u>

3 Handbært fé

Bankareikningur 301-26-074634	722.847
<i>Handbært fé alls:</i>	<u>722.847</u>